

# Tímarit

## Íslenskra samvinnufélaga

18. árgangur.



### Efnisyfirlit.

	Bl.
<i>Jónas Jónsson: Heima og erlendis . . . . .</i>	1
<i>Halldór Stefánsson: Atvinnulífshorfur . . . . .</i>	24
<i>Jónas Jónsson: Ræða . . . . .</i>	43
— <i>n</i> — Kaupfélögin . . . . .	60
<i>Fríðgeir Björnsson: Búauðgiskenningin . . . . .</i>	71
<i>Jónas Jónsson: Um raunspeki Aug. Comtes . . . . .</i>	86
— <i>n</i> — Trúnaðarmenn Sambandsins . . . . .	95
— <i>n</i> — Samvinnumötuneytið . . . . .	100
— <i>n</i> — Samvinnuskólinn 1923—1924 . . . . .	104
— <i>n</i> — Heima og erlendis . . . . .	113
<i>Jónas Þorbergsson: Samábyrgðin . . . . .</i>	130
<i>Jónas Jónsson: Enn um raunspeki Aug. Comtes . . . . .</i>	157
— <i>n</i> — Kaupfélögin . . . . .	166
<i>Hallgrímur Hallgrímsson: Þingstjórn . . . . .</i>	172
<i>Jónas Jónsson: Heima og erlendis . . . . .</i>	193
— <i>n</i> — Louis Zöllner . . . . .	203
<i>Þorkell Jóhannesson: Embættin og þjóðin . . . . .</i>	215
<i>Helgi P. Briem: Um áfengisvarnir Svía . . . . .</i>	224
<i>Hallgrímur Hallgrímsson: Þingstjórn . . . . .</i>	232
<i>Gudm. Davíðsson: Lítið til fuglanna . . . . .</i>	248
<i>Jónas Jónsson: Nýtt landnám á Íslandi . . . . .</i>	278

Útgefandi: Samband Íslenskra samvinnufélaga  
Ritstjóri: Jónas Jónsson frá Hirflu  
Reykjavík 1925 - Prentsmíðjan Afa

## Enn um raunspeki Aug. Comtes.

Nú hefir stuttlega verið skýrt frá hinum helstu afrekum Comtes. Hann hefir skapað orðið og fræðigreininna félagsfræði. Hann hefir sannað fyrst og manna best, að hin vísindalega þekking ein gefur mönnunum vald yfir náttúruöflunum. Af því leiðir, að fyrst þegar náttúrulög mannlífsins eru kunn og tekið tillit til þeirrar þekkingar, getur mannkynið vonast eftir að dagar þess fari batnandi. Hann hefir uppgötvað hin þrjú stig í þekkingarleitinni, g o ð s p e k i, f r u m f r æ ð i og v í s i n d a s t i g i ð. Hann hefir að síðustu flokkað þá þekkingu, sem náð hefir þriðja stiginu, eftir innbyrðis skyldleika þeirra vísindagreina. Er þar í einu fylgt þróunarferlinum, hvort heldur sem miðað er við sköpunarsögu biblíunnar eða náttúruvísindanna, og röðinni hagað svo, að fyrst koma vísindin um hina dauðu náttúru, stjörnurnar, afl og efni, en síðar vísindin um lífið og samstarf mannanna. Þekkingin hefir fyrst komist á þriðja stigið þar sem viðfangsefnin voru einfaldari og ósamsettari. Skýringarnar um mannlífið verða lengst á goðspekis- og frumfræðistigi af því að viðfangsefnin eru þar margsamsett og nóg af villigötum.

Alt það, sem nú hefir verið talið, er orðið að alviðurkendum sannindum, og frægð Comtes sem brautryðjanda í heimspeki byggist fyrst og fremst á þessum uppgötvunum.

En enginn brautryðjandi er svo alger, að honum fatist ekki stundum hin örugga framsýn. Heimspeki Comtes

hefir marga kosti, en er líka áfátt að sumu leyti. Skal nú vikið að því.

Ein af ástæðunum til þess, að hin nýja heimsskoðun Comtes átti lengi svo örðugt uppdráttar, var það, að hann var ekki ritsnillingur, að sama skapi sem hann var hugsunarskörungur. Flestir Frakkar skrifa ákaflega ljóst og skemtilega. Frönsk dagblöð, hvað þá heldur annað ritað mál, sem meira er vandað til, eru oft listaverk að stílprýði. Mjög oft hefir reynslan orðið sú, að uppgötvanir sem hafa verið gerðar utan Frakklands, hafa þá fyrst orðið kunnar um heim allan, þegar franskir rithöfundar voru búnir að rita um þær á léttu og glæsilegu máli. En Comte hafði ekki mikið af þessari listagáfu landa sinna. Honum var „tregt tungu að hræra“. Stíll hans var þunglamalegur. Málsgreinarnar langar og setningarnar samofnar eins og oft vill brenna við hjá þýskum fræðimönnum. Þessvegna hafa bækur Comtes aldrei verið auðunnin gullnáma. Hið þunglamalega form á ritum hans hefir tafið fyrir hröðum vexti raunspekinnar.

Annar höfuðkostur franska rithöfunda er hin glögg g a y f i r s ý n þ e i r r a. Þeim veitist ákaflega auðvelt að raða yfirgripsmiklu efni í skipulegar fylkingar. Á þessu sviði var Comte hið mesta afbragð. Heimspækikerfi hans var þrauthugað og samfeld heild, sem í fljótu bragði var erfitt að finna nokkra veilu í. Og samt var nokkuð af þessum veilum, aðallega af því, að Comte vildi gera heimspækikerfi sitt samfeldara heldur en málefnið leyfði.

Comte háði meginbaráttu sína við samtíðarmenn, sem stóðu á goðspekis- og frumfræðistigunum. Uppgötvun hans um hin þrjú stig var óþægileg fyrir þessa menn. Báðir flokkarnir trúðu því, að þeir stæðu föstum fótum í heimi þekkingarinnar, svo að eigi yrði lengra komist. Þessum mönnum þótti höfuðhneikslí, að gert væri ráð fyrir þrepum í þekkingarstiganum, einu eða jafnvel tveimur ofan við þeirra andlegu heimkynni. Þar með var vantrausti lýst á þekkingu og mentun þeirra. Vegna þess-

arar baráttu fékk Comte aldrei þá aðstöðu í þjóðfélaginu, sem hann átti rétt á vegna yfirburða sinna. Kirkjan og frumfræðilega mentaðir valdamenn héldu honum niðri, eins og fyr er frá sagt. En þessi barátta við samtíðarmenn á lægri þekkingarstigum varð þess valdandi, að Comte markaði vísindunum of þröngt svið, af því hann vildi einkenna þriðja stigið glögglegar frá miðstiginu, heldur en unt var að gera.

Goðfræðingarnir útskýra alt, sem við ber í hinum sýnilega heimi, svo, að þar sjáist merki um framtak og vilja úr ósýnilegri veröld. Ein eða margar yfirnáttúrlegar verur ráði öllu, sem gerist, hinu minsta og hinu stærsta. Menn á goðfræðis-stigi geta ekki viðurkennt gildi óbreyt-anlegra náttúrulaga. Fram á síðustu ár halda greindir og vel mentir menn því fram, að ganga sálarinnar (eða öllu fremur snúningur jarðar) hafi eitt sinn á þýðingarmiklu augnabliki í sögu Gyðinga verið stöðvaður með kraftaverki. Sömualeiðis að einn af spámönnum Gyðinga muni hafa lifað mörg dægur í kviði hvalfisks nokkurs, sökum sérstakrar tilhlutunar æðra valds. En að játa gildi þessara kraftaverka er sama og að neita gildi náttúrulaganna, en það er sama og að fordæma öll vísindi.

Goðspekingar leita að orsökum fyrirbrigðanna, og finna, að alstaðar liggur til grundvallar yfirnáttúrleg ákvörðun. Frumfræðin leitar líka að orsökum, vill skýra götur tilverunnar með einskonar fræðatrú, sem þó er ekki byggð á staðreyndum, heldur meira og minna skarp- legum hugarburði. Comte gerði báðum þessum skoðunum jafnlágt undir höfði. Leit goðspekinga og frumfræðinga hlaut að hans dómi að verða blinds manns fálmi, af því viðfangsefnið sjálft væri óleysanlegt. Mannleg skynsemi gæti mælt og rannsakað hinn sýnilega heim, hið ytra og form hlutanna. En orsakirnar væru órannsakanlegar, og yrðu jafnan óþektar. Öll sú vinna, sem eytt hefði verið og eytt kynni að verða til að leysa þessar óráðanlegu gátur, væri jafnfánýt eins og starf þeirra, er reyna að flétta reipi úr sandi.

Comte markaði nú landamerkjalinuna milli goðspeki og frumfræði annars vegar, en vísindanna hinsvegar, þannig að á tveimur fyrri stigunum leitaði mannsandinn að orsökum, en fyndi engar og væri jafnfáfróður og vanmáttugur eftir sem áður. Á þriðja stiginu leitaði maður að staðreyndum en ekki orsökum, og fyndi um leið náttúrulögin, skildi áhrif þeirra og verkanir, en ekki eðli og uppruna. Þannig hefði orðið til öll vísindaleg þekking. Og á hinni vísindalegu þekkingu væru byggðar framfarir mannkynsins.

Nú vildi Comte forða samherjum sínum, vísindamönnum, frá því að villast inn á refilstigu goðspekinga og frumfræðinga. Þessvegna fordæmdi hann, í nafni vísindanna, alla leit eftir orsökum og innra samhengi í rannsóknnum á fyrirbrigðum náttúrunnar. Hann gekk jafnvel svo langt, að telja upp ýmiskonar „bannvöru“ fyrir vísindamenn. Þeir áttu að forðast að eyða tíma í að hugsa um, hvaða efni væri í öðrum stjörnum. Ekki heldur um eðli ljóssins, hitans, rafmagns, segulafls, þyngdarafls, eða hvort ljósvaki fyllti alheiminn milli hnattanna. Alt slíkt var í augum Comtes hæfileg dægradvöl fyrir goðspekinga og frumfræðinga. En á þennan hátt þrengdi Comte svo mjög að hinum þekktanlega heimi, að sumum raunspekingum hefir þótt furðu gegna, að hann skyldi vinna til að skrifa mikið ritverk um þessa litlu agnar-ögn af alheiminum.

Með þessari glöggu tvískiftingu vann Comte það á, að í byrjun gat hann dregið ákveðnari markalínu milli vísinda og frumfræði, heldur en annars hefði verið unt. En er til lengdar lét varð þessi aðstaða óverjanleg, því að éður en Comte dó, voru nokkrir af samtíðarmönnum hans bínir að skýra sumar þær gátur, sem Comte ráðlagði fræðimönnum að fást ekki við. Þannig höfðu t. d. Þjóðverjarnir Kirchoff og Fraunhofer með merkilegum rannsóknnum á sólar- og stjörnuljósi uppgötvað margt og mikið um efnasamsetningu sólarinnar og fastastjarnanna.

Vísindamenn nútímans játa að vísu að skýring

Comtes á verkefnum vísindanna sé að því leyti hárrétt, að þau hljóti jafnan fyrst og fremst að vera fyrirbrigði hins sýnilega heims. En flestir hinir helstu skörungar í heimi vísindanna leita jafnframt að orsökum, þar sem því verður við komið. Tveim árum eftir dauða Comtes gaf Darwin út hið heimsfræga rit sitt um uppruna tegundanna, þar sem brugðið var ljósi yfir nálega öll svið mannegrar þekkingar. En sú ágiskun, um þróun lífsins, sem verið hafði kjarninn í tutugu ára rannsóknefni Darwins, var þess eðlis, að ef Darwin hefði fylgt ráðum Comtes í þessu, þá hefði hann aldrei árétt að framkvæma rannsókn þessa og þá heldur ekki gert eina hina þýðingarmestu uppgötvun, sem gerð hefir verið, síðan sögur hófust. Comte er í einu sá heimspekingur, sem hæst hefir haldið á lofti fána vísindanna, en um leið hefir honum orðið það á, að vilja um of þrengja verksvið þeirra.

Hver sem athugar þær sex fræðigreinar, sem Comte nefnir vísindi, hlýtur um leið að veita eftirtekt, að þar vantar margar þær greinar, sem venja er að kalla vísindi. Má þar nefna sum hin þektustu fræði: Guðfræði, lögfræði, sagnfræði, málfræði, læknisfræði, grasufræði, jarðfræði, dýrafræði, mannfræði, hagfræði, sálarfræði o. m. fl. Sumar af þessum fræðigreinum telur Comte alls engin vísindi, en aðrar flokkar hann og seinni tíma félagsfræðingar undir eitthvert af hinum sex raunvísindum, sem fyr eru nefnd.

Comte telur enga þekkingu vísindalega nema þá, sem lýtur að sannanlegum, óbreytanlegum náttúrulögum. Einkenni raunspekinga er að þeir „sjá til að spá“. Leita þekkingar á náttúrunni til að geta stýrt afli hennar mönnum til gagns.

Samkvæmt þessari skilgreiningu getur guðfræðin aldrei, að því er snertir aðalefnið, orðið vísindagrein. Þar er bygt á trú en ekki þekkingu. Trúarbrögðin gera ráð fyrir stöðugri tilhlutun yfirnáttúrlegs valds um kjör og hegðun manna. Trúarbrögðin geta í sjálfu sér ekki viðurkennt náttúrulögin, enda hafa þau engu virki fórnad með-

an unt var að verja það. Lengi vel börðust trúfræðingar móti skoðunum Kopernikusar og Keplers um þá heimskoðun, að jörðin snérist og gengi kring um sólina eftir föstum lögum. Galilei varð að vinna sér til lífs á gamals aldri, að afneita þeirri skoðun, að jörðin snerist. En þegar hann stóð upp sagði hann þrjóskufullur: „Hún snýst samt“. Á sama hátt börðust trúfræðingar móti kenningu Darwins um uppruna tegundanna meðan nokkurt viðlit var. Nú láta þeir sér flestir nægja að halda fram, að lífið hafi fyrst orðið til hér á jörð og með kraftaverki, en síðan þróast og tegundir orðið til, eins og náttúrulögin skýra. Guðfræðin getur á öðru sviði, að því er snertir gagnrýni á trúarbókunum, og trúarhugmyndum ýmsra þjóða verið vísindaleg. En það er þá ekki lengur guðfræði, heldur félagsfræði. Lögfræðin er heldur ekki vísindagrein að Comtes skilningi, af því lögin eru háð dutlungum manna, en ekki náttúrulögum. Það sem ein löggjafarsamkunda gerir að lögum í ár, nemur önnur úr gildi nokkru síðar. Lögfræðin er þessvegna ekki sjálfstæð vísindi, en getur verið grein af félagsfræði. Sama er að segja um sagnfræði. Hún er enn fullkomlega óvísindaleg að því leyti, að sagnfræðingarnir hafa ekki enn getað uppgötvað þýðingarmikil, órjúfanleg náttúrulög, sem mannlífið hlýðir. En í sögunni eru þó nokkur frumdrög að félagsfræði. Að dómi Comtes heyrði jarðfræðin til stjörnufræði, **með því að jörðin er ein af stjörnunum, en læknisfræði, grasfræði og dýrafræði taldi hann undirdeildir af líffræðinni, sem var að myndast sem sérstök fræðigrein á hans dögum. Sálarfræðina telur Comte tilheyra líffræðinni. Með því lagði hann áherslu á það, að sálin væri svo nátengd líkamanum, að hana bæri að rannsaka í samræmi við heila og taugakerfi mannsins. Áður höfðu guðfræðingar og frumfræðingar mjög haldið þeirri skoðun á lofti, að sálin væri aðeins gestur í líkamanum og að engu leyti háð ástandi hans. Málfræði, mannfræði og hagfræði eru svo sem að sjálfsögðu undirdeildir af félagsfræði. Comte taldi**

að sú fræðigrein ætti að skýra alt samstarf manna, samtök tveggja eða fleiri. Á þann hátt varð félagsfræðin hin umfangsmesta, erfiðasta en um leið hin gagnlegasta fræðigrein.

Kenningar Comtes um uppeldi og fræðslumál eru merkilegar, bæði fyrir þá almennu þýðingu, er þær hafa, og af því þær lýsa einkarvel skoðunum hans á framförum mannkynsins. Þar gerir Comte tvær meginkröfur. Fyrst að alt uppeldi sé framkvæmt í anda raunspekinna, **og að almenn fræðsla skuli ná til allra, en ekki vera bundin við einhverja ímyndaða yfirstétt.** „Menn mega ekki gleyma“, segir Comte, „að kensla í raunspeki á ekki að vera fyrir neina sérstaka þjóð eða stétt, heldur fyrir alla einstaklinga hjá öllum síðuðum þjóðum. Ekkert sýnir betur óstjórn nútímans heldur en það skammarlega hirðuleysi, sem hin svokallaða yfirstétt sýnir í verkinu um alt, sem heitir almenn mentun. Hið fyrsta skilyrði fyrir því, að almennar umbætur verði í uppeldismálum, bæði andlega og siðferðislega, er að þessar umbætur nái til allra. Þá fyrst getur orðið gagn fyrir mannfélagið að uppeldisbótum“. Comte hallaðist að sömu skoðun og samtíðarmaður hans, Robert Owen, að í raun og veru sé að hæfileikum ekki ýkjamikill munur á mönnum. En uppeldi og lífskjör valdi mestu um mismuninn. Hann segir, að fátækari stéttirnar hafi mesta þörf fyrir góða mentun á almanna kostnað, því að þær hafi ekki efni á að manna börn sín sem skyldi á eigin kostnað, en séu á hinn bóginn í meiri hættu að verða fyrir rangindum og áföllum sökum fátæktarinnar, ef ekki er unt að auka þeim ásmegin með valdi þekkingarinnar.

Annað atriði í fræðslukerfi Comtes er að unga kynslóðin eigi bæði að fá mentun sína í raunvísindunum öllum og jafnframt að þessa fræðslu eigi að veita þannig, að hvert ungmenni nemi hinar einstöku fræðigreinar í sömu röð og þær hafa orðið raunvísindi, byrja á stjörnufræði og enda á félagsfræði. Þá er, eins og áður er á drepið, fylgt

sköpunarsögunni, byrjað á upphafinu og því sem einfaldast er, en endað á þeirri fræðigreini, sem í einu er yngst, erfiðust, en um leið nytsömumust fyrir mannkynið. Comte telur, að þetta sé hin náttúrlega röð, sú sem mannkynið hafi ósjálfrátt fylgt í þróun sinni á þúsundum ára, og sú sem unglíngunum veiti enn léttast að fylgja, ef gagn eigi að vera að náminu.

Comte leggur mikla áherslu á það, að enginn kennari geti kent raunvísindin nema því aðeins að hann kunnir að minsta kosti nokkurnveginn vel allar þær greinar, sem eru neðar í röðinni en sérnám hans. Stjörnufræðingurinn verður þá fyrir utan sína eigin fræðigreini að kunna vel stærðfræði, en hann þarf ekki að vera að sama skapi góður í eðlisfræði. Líffræðingurinn verður að þekkja meginlögmál í stærðfræði, stjörnufræði, eðlisfræði og efnafræði, áður en hann tekur að sér að kenna þá yfirgripsmiklu fræðigreini, sem hvílir á öllum hinum eldri vísindunum. Og félagsfræðingurinn verður að bera skyn á allt hið sama og líffræðingurinn, og hafa sína sérgrein að auki, því að án þessarar yfirgripsmiklu undirstöðu getur félagsfræðingurinn ekki náð út yfir hið víðlenda ríki sitt. Auðvitað á Comte ekki við að félagsfræðingurinn eigi að þekkja öll smáatriði þessara vísindagreina til fullnustu, því að það væri hverjum manni ofraun, heldur að þekkja meginlögmál hvers þeirra, svo að hann geti, ef á þyrfti að halda, kent allar þær greinar, sem eru neðan við hans sérstöku fræði.

Enginn vafi er á, að Comte hefir skilið út í ystu æsar þá miklu hættu, sem var á hans dögum að koma yfirmentalöndin, og æ fer vaxandi, nefnilega að hver fræðigreini sundrast í minni og minni undirdeildir, og hinir svokölluðu sérfræðingar grafa sig kvika í einhverjum afkyma þekkingarinnar og vita lítið hvað líður meginstraum hinnar sívaxandi þróunar. Á þennan hátt vantar fræðimennina allt heildaryfirlit. Þegar slíkir menn kenna æskulýðnum, verður kensla þeirra öll í molum, og uppeldisáhrifin

tómt brotasilfur. Þeir menn, sem þetta uppeldi hljóta, bera þess merki „um æfilöng ár“, að hafa fengið menningu fortíðar og samtíðar í tætlum, en ekki eins og skapandi, sameinandi kraft, sem einn megnar að lyfta mannkyninu á hærra stig.